

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 5. tbl. 14. árg. maí 2020

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Foreldrafundir í 7. – 10. bekk

9. bekkur kl. 17:00 þriðjudaginn 19. maí í stofu 5 í Heppuskóla.

7. bekkur kl. 19:30 þriðjudaginn 19. maí í stofu 5 í Heppuskóla.

8. bekkur kl. 17:00 mánudaginn 25. maí í stofu 5 í Heppuskóla.

10. bekkur kl. 19:30 mánudaginn 25. maí í stofu 5 í Heppuskóla.

Fundarefni á öllum fundunum verða niðurstöður könnunarinnar *Ungt fólk* sem lögð var fyrir nemendum í 8. – 10. bekk í febrúar. Um leið er þetta framhaldsfundur frá því í janúar. Vegna samkomubanns og þrengsla hjá okkur verður fundað með foreldrum hvers árgangs fyrir sig en búið verður að fjalla um niðurstöður könnunarinnar með nemendum fyrir fundinn.



Niðurstöður könnunarinnar eru um margt áhugaverðar eins og má sjá á baksíðunni. Töluverður munur er á milli árganga og verður farið yfir þenna mun en fyrst og fremst er fundartíminn hugsaður fyrir foreldra til að stilla saman strengi sína fyrir sumarið. Líklegt er að unglingar muni fá minni vinnu en oft áður og við það eykst tíminn sem nemendur hafa til að „hangsa“ og þá getur ýmislegt gerst.

Gestur fundarins verður **Erla Björg Sigurðardóttir** félagsmálastjóri.

Sérstök áhersla er lögð á að allir foreldrar mæti.

Starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar

Lykiltölur í lífi barna Hornafjörður

17.7%

Úti eftir miðnætti
einu sinni eða
oftar síðastliðna
viku



8.8%

Lífur illa í
skólanum, alltaf
eða oft



30.0%

Nemenda í 10.
bekk nota rafrettur
daglega

20.0%

Nemenda í
10. bekk hafa
orðið ölvaðir sl.
30 daga



15.0%

Nemenda í
10. bekk
hafa notað
kannabis



28.8%

Meta líkamlega heilsu
sína mjög góða



41.8%

Meta svo að þau fái oft
eða alltaf nægan svefn á
virkum dögum



28.8%



Meta andlega
heilsu sína mjög
góða



70.0%



Segja það mjög
auðvelt að fá frá
foreldrum
umhyggju og hlýju